

Þróunarsjóður innflytjendamála 2012

Heiti verkefnis: Allir í sama liði

Nafn styrkþega: Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar

Útdráttur:

Í Dalvíkurbyggð stóð fræðslu- og menningarsvið fyrir íbúáþingi sem kallaðist Allir í sama liði. Markmiðið með þinginu var að fá fjölbreyttan hóp íbúa til að koma saman og ræða samfélagið sitt og kryfja ýmis mál sem tengjast fjölmeningarsamfélagi sem okkar. Rætt var um það hvernig það er þegar fólk flyst á milli staða, hvernig upplifun íbúa er af slíku og hvaða sóknarfæri eru í tengslum við fjölmeningarsamfélög. Eins var rætt um hvaða atriði væri mögulegt að koma í framkvæmd í samfélaginu okkar til að styrkja það og gera það þéttara. Um 50 manns á öllum aldri tóku þátt í þinginu, allt frá unglingum til eldri borgara, karlar og konur, fólk af amk. 7 mismunandi þjóðernum og úr mismunandi starfsstéttum samfélagsins. Tveir túlkar þýddu umræður fyrir þá sem á þurftu að halda. Guðrún Pétursdótti félagsfræðingur stjórnaði umræðum og fræddi fólk. Boðið var upp á kvöldverð og þátttaka var öllum að kostnaðarlausu.

Þingið tókst vel og var fólk almennt mjög ánægt með það. Hugmyndir frá þinginu hafa verið kynntar fulltrúum stjórnvalda í bæjarfélaginu og vonast er til að þeim verði komið til framkvæmdar hið fyrsta.